

## Hópverkefni - hvað kosta ég? Leiðbeiningar

### Spjall, 10 mínútur

Leiðbeinandi byrjar á því að skipta nemendum í 3 – 4 manna hópa, lýsir skipulagi kennslunnar í stuttu máli og segir nemendum frá markmiði hennar – að auka kostnaðarvitund nemenda. Næst varpar hann fram nokkrum spurningum til að tengja nemendur við viðfangsefnið og byrjar á því að og spyrja þá hvað þeir kosta þennan daginn eins og þeir eru í skólanum, þá er gott að skrifa á töfluna allt sem þeir týna til.

*„Hvað haldið þið að það sem þið eruð með í skólanum í dag kosti?“*

*„Hvað er það sem þið teljið til?“*

Hér geta skapast ágætis umræður. Gaman er að fá nemendur til að skoða fötin sín og telja allt til. Síðan er hægt að biðja þau að hugsa um allt annað sem þau eiga, eins og heima. „Ef þið bætið við því sem þið eigið heima – hvað myndu þið telja til?“ Leiðbeinandi getur skrifað það sem nemendur nefna á töfluna (skór, buxur, gleraugu, sími, derhúfa, rúm tölva, rakspíri, tölva, rúm, skrifborð, fötin heima, snyrtidót osv.frv. Gott er að fá þau til að hugsa um hvaða hlutir þetta eru því það mun hjálpa þeim í verkefninu síðar.

*Er auðveldara að eyða peningum sem ykkur eru gefnir en þeim sem þið vinnið ykkur inn fyrir?*

Hér er gott að koma aðeins inn á þá staðreynd að við erum líklegri til þess að fara betur með þá peninga sem við vinnum fyrir sjálf en þá sem okkur eru gefnir. Fínt er að staldra aðeins við og sýna þeim eitt til tvö myndbönd áður en lengra er haldið (sjá [fjarmalavit.is/myndbönd](http://fjarmalavit.is/myndbönd)).

### Verkefnið, 40 mínútur

Í byrjun fær hver hópur verkefnablað með lýsingu á ímynduðum einstaklingi sem endurspeglar dæmigerðan ungling og áhugamál hans. Hver hópur gefur sínum unglingi nafn og velur í hvaða skóla hann/hún gengur og hvað hann fær í laun ef hann er að vinna meðfram skólanum. Verkefnið er að átta sig á virði alls þess sem unglingurinn á.

Gott er að sem flestir í hverjum hópi fái verkefnablað svo allir geti lesið sér til um ungling síns hóps. Það eru til fjórar unglingapersónur, tvær stelpur og tveir strákar, og er gaman að hafa einhverja hópa með sömu persónuna til að bera saman niðurstöður. Einnig er blað með verðupplýsingum en nóg að setja eitt á hvert borð. Hver hópur fær að auki eina pappírsörk, tússpenna og blað með verðupplýsingum, en á því eru grunnupplýsingar um verð á ýmsum hlutum. Listinn er ekki tæmandi og gert er ráð fyrir því að nemendur þurfi að áætla kostnað á ýmsu sjálfir og leiti að verðhugmundum rafrænt. Hópurinn setur allar upplýsingar um unglinginn sinn á örkina, en hægt er að benda þeim á að teikna mynd og skreyta. Niðurstaðan verður skemmtilegt plagg með lýsingum á einstaklingnum og tilheyrandi svörum við spurningum af verkefnablaðinu. Ef einstaklingurinn heitir t.d. Selma, þá getur yfirskrift pappírsarkarinnar verið: Hvað kostar Selma?

### Kynning og umræður um verkefnið í lokin, 20 - 30 mínútur

Í lokin segir hver hópur frá sínum einstaklingi. Gaman er fyrir hópana að fara upp að töflu og kynna niðurstöðurnar. Leiðbeinandi getur svo spurt hópana spurninga út frá verkefnum þeirra. Dæmi um spurningar til nemenda:

- „Teljið þið að fjárfestingar í eigum ykkar hafi verið skynsamlegar?“
- „Hvað er mikilvægt að eyða peningunum í?“
- „Merkjavara eða ekki. Er einhver merkjavara það góð að hægt sé að réttlæta tvöfalda verðlagningu?“
- „Ef þið gætuð skilað öllu því sem þið hafið talið upp og fengið pening, hvað mynduð þið gera við hann?“

Ef tími gefst er hægt að sýna fleiri myndbönd á vefsíðu Fjármálavits.